

Mál nr. 171/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. júlí 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V1 dags. 23. maí 2025.
3. Bréf V2 dags. 23. september 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. október 2025.

Málsatvik.

Hinn 28. maí 2025 varð árekstur með bifreiðunum A og B á gatnamótum Mosavegar og Starengis í Reykjavík. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis var A, sem er í eigu M en dóttir hans, X, ók umrætt sinn, ekið austur Mosaveg að Starengi. Árekstur varð með bifreiðunum þegar B var ekið frá Starengi inn á Mosaveg. Í raun er ekki ágreiningur um málsatvik sem slík en ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem X, sem hafði B sér á hægri hönd, hefði borið að veita umferð frá hægri forgang.

M fellir sig ekki við þau málalok og fer í málskoti fram á að sök verði að fullu lögð á ökumann B. Er í málskoti byggt á því að hægri reglan eigi ekki við þar sem ökumaður B hafi ekið yfir göngupverun þegar hún ók inn á Mosaveg. Hafi henni því borið að víkja fyrir annarri umferð á grundvelli 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli 212 frá árinu 1978 fyrrgreindu til stuðnings.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar er vísað til 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga en hún verði ekki túlkuð öðru vísi en svo að ökumanni, þ.e. í þessu tilviki B, beri að veita annarri umferð forgang ef ekið er yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Á Starengi séu engin umferðarmerki sem gefi til kynna að veita beri umferð um Mosaveg forgang. Hins vegar liggi göngustígur meðfram Mosavegi sem haldi áfram yfir akleiðir um Starengi á upphækkaðri hraðahindrun en um sé að ræða svokallaða „göngupverun með hraðatakmarkandi aðgerðum“. Um göngupverun sé að ræða samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga. Ákvæði 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga verði að túlka sem svo að það taki til þeirra aðstæðna þar sem ætla megi að gangandi vegfarendur þveri akbrautina. Sé þar með gerð sú krafa að ökumenn hægi á sér við slíkar aðstæður, og eigi það enn frekar við þegar umrædd göngupverun feli einnig í sér hraðhindrun. Sé afstaða V1 því sú að B, sem hafi borið að víkja fyrir allri umferð um Mosaveg, beri alla sök á árekstrinum.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga eigi við í þessu tilviki, þ.e. að A hafi borið að veita B forgang. Sé afstaða V2 því sú að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga eigi ekki við í málinu þar sem B hafi verið að koma af bílaplani sjoppu við Starengi.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort beita beri ákvæði 3. mgr. 26. gr. eða 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga við mat á sakarskiptingu.

Fyrrgreinda ákvæðið er svohljóðandi: *Ökumaður skal veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensinstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg.* Af fyrirbyggjandi ljósmyndum er ljóst að upphækkuð göngupverun er við enda Starengis við gatnamót Starengis og Mosavegar. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur umrætt ákvæði til þess þegar ekið er yfir m.a. stíg, gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Kemur þá til skoðunar hvort umræddri göngupverun verður jafnað til þeirra. Göngupverun er sérstaklega skilgreind í 19. tl. 3. gr. umferðarlaga sem staður „þar sem gert er ráð fyrir að gangandi vegfarendur þveri akbraut, þ.m.t. gangbraut.“ Hefur göngupverun því sambærilega

merkingu og gangbraut, en ekki gangstétt eða gangstígur sem eru aðallega ætluð umferð gangandi vegfarenda. Hafi ætlun löggjafans verið sú að 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga tæki einnig til þess þegar ekið er yfir gangbraut eða göngubverun má ætla að slíkur vilji kæmi fram í ákvæðinu sjálfu en orðalag þess er afar skýrt. Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að akstur um gangbraut eða göngubverun falli undir gildissvið 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Í 27. gr. umferðarlaga er m.a. fjallað um sérstaka aðgæslu gagnvart gangandi vegfarendum við gangbraut, en ekki verður séð að það ákvæði eða önnur ákvæði laganna leiði til þess að þegar gangbraut er við gatnamót skuli sá ökumaður er ekur yfir gangbraut veita umferð annarra ökutækja forgang.

Er þá, í máli M og V1, vísað til dóms Hæstaréttar í máli 212/1978. Dómurinn, sem raunar klofnaði í afstöðu sinni, komst þar að þeirri niðurstöðu að áfrýjanda hefði borið að víkja fyrir annarri umferð við akstur úr botnlanga við Langagerði í Reykjavík þar sem hann hefði ekið yfir gangstétt. Eftir því sem nefndin kemst næst, og er það til samræmis við ummæli í umræddum dómi, eru aðstæður í Langagerði nokkuð sérstakar þar sem gangstéttin er órofin af botnlangagötum og liggur þvert fyrir akbrautir botngatna. Taldi meiri hluti dómsins því að ökumanni hafi ekki getað dulist að hann ók yfir gangstétt.

Nefndin telur að úrlausn réttarins hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli og, eins og að framan er rakið, að ekki sé um það að ræða að ökumaður B hafi ekið yfir gangstétt. Ólíkt aðstæðum í dómsmálinu verður þannig greint af ljósmyndum af vettvangi að göngubverun við gatnamót Starengis og Mosavegar hafi verið skýrlega aðgreind frá gangstétt sem liggur samsíða Mosavegi.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á því að B hafi verið að aka út af bifreiðastæði verslunar og hafi því borið að veita annarri umferð forgang. Af myndum af vettvangi má ráða að ekið sé út af bifreiðastæðinu inn á Starengi og því eigi 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga við um útakstur af því þegar ekið er inn á Starengi. Ekki er ekið beint af bifreiðastæðinu inn á Mosaveg og verður því ekki séð að sjónarmið M hvað þetta varðar eigi við í því tilviki sem hér er til skoðunar.

Við mat á sakarskiptingu verður því samkvæmt öllu framangreindu byggt á 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga en þar er kveðið á um að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast, t.a.m. á vegamótum skuli sá sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang nema annað leiði af 19. gr. laganna. Óumdeilt er að X hafði B sér á hægri hönd er leiðir þeirra skárust og bar því að veita B forgang enda verður ekki séð að annað leiði af 19. gr. laganna.

Ber X, ökumaður A, því alla sök á árekstri aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 4. nóvember 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir